

Fimmtudaginn 16. október 1997.

Nr. 50/1997.

Protabú A. Finnssonar hf.

(Gunnar Jónsson hrl.)

gegn

Arnarfelli hf.

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

Verksamningur. Eignarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 974.286 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. nóvember 1995 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt gögnum málsins gerði félagið Aðalgeir Finnsson hf. samning 6. júní 1988 við Steinberg Friðfinnsson, eiganda jarðarinnar Spónsgerðis í Arnarneshreppi, um einkarétt þess til að nýta malar-námu í landi jarðarinnar á því ári og kaupa úr henni nánar tiltekið magn af efni. Skyldi félagið eiga forgang til áframhaldandi töku efnis að ári liðnu, ef til frekari sölu þess kæmi. Áfrýjandi kveður Aðalgeir Finnsson hf. hafa eftir þetta nýtt sér þennan forgangsrétt ár frá ári og síðar félagið A. Finnsson hf., sem var stofnað 1. nóvember 1991.

Síðastnefnt félag gerði 6. apríl 1993 verksamning við stefnda, þar sem hann tók að sér sem verktaki að harpa og mala efni úr nám- unni í landi Spónsgerðis til steypugerðar fyrir félagið, sem var verk- kaupni. Átti efnismagn að vera um 2.500 rúmmetrar, sem skyldi vinna í tvo hauga eftir grófleika efnisins. Fyrir þetta verk átti verk- kaupinn að greiða 600 krónur á hvern rúmmetra efnis, samtals 1.500.000 krónur, með skuldabréfi til tveggja ára með mánaðarleg-

um afborgunum. Í samningnum var að auki svohljóðandi ákvæði: „Verktaki malar steypuefni í sér haug, að magni 2.000 m³; er sá haugur trygging fyrir skuldabréfi, sem er greiðsla fyrir 2.500 m³. Verktaki skuldbindur sig til að selja vinnslu efnisins á sama verði og greitt var fyrir samkv. þessum samningi ... 600 kr. pr. m³ m/vsk, sé greitt fyrir árslok 1993, annaðhvort með skuldabréfi eða bifreið.“

Samkvæmt mælingu, sem fulltrúar samningsaðilanna virðast hafa gert í malarnámunni í landi Spónsgerðis 30. apríl 1993, hafði stefndi unnið efni í tvo hauga í samræmi við meginákvæði verksamningsins. Voru í öðrum þeirra 1.578 rúmmetrar af sandi og í hinum 1.149 rúmmetrar af perlumöl, en samtals voru þetta 2.727 rúmmetrar efnis. Tveir aðrir efnishaugar voru jafnframt í námunni, og er svo að sjá, að stefndi hafi unnið efni í þá samkvæmt því ákvæði samningsins, sem tekið er orðrétt upp hér að framan. Í öðrum þeirra voru 1.520 rúmmetrar af sandi, en í hinum 1.167 rúmmetrar af perlumöl, samtals 2.687 rúmmetrar efnis. Verkkaupinn gaf út skuldabréf til stefnda 12. maí 1993 fyrir 1.636.200 krónum, en sú fjárhæð svarar til umsaminna verklauna fyrir vinnslu fyrrnefndra 2.727 rúmmetra.

Í málinu liggur fyrir, að bú A. Finnssonar hf. var tekið til gjaldprotaskipta 30. júní 1994. Samkvæmt mælingu, sem áfrýjandi lét gera 7. júlí 1995, voru þá eftir í efnishaugunum tveimur, sem voru gerðir eftir meginákvæði verksamningsins 6. apríl 1993, 100 rúmmetrar af sandi og 130 rúmmetrar af perlumöl. Áfrýjandi gerir ráð fyrir því, að A. Finnsson hf. hafi nýtt sér það efni, sem tekið hafði verið úr þessum tveimur haugum, frá því að fyrri mælingin var gerð 30. apríl 1993. Samkvæmt mælingunni 7. júlí 1995 hafði hins vegar verið gengið svo á hina efnishaugana tvo, sem áður er getið, að þá stóðu eftir 1.250 rúmmetrar af sandi, en perlumölin hafði öll verið tekin.

Málatilbúnaður áfrýjanda er reistur á því, að ljóst sé af framan-sögðu, að samtals hafi verið teknir 1.437 rúmmetrar af perlumöl og sandi úr þeim tveimur haugum, sem stefndi hafi unnið efni í samkvæmt áðurröktu ákvæði í verksamningnum 6. apríl 1993. Ekki hafi verið gengið á þetta efni á vegum A. Finnssonar hf., og sé reyndar svo, að stefndi mótmæli ekki, að hann hafi nýtt sér það. Áfrýjandi telur sig hafa átt þetta efni í skjóli samnings umrædds félags við eigananda Spónsgerðis um rétt til námuvinnslu. Stefndi hafi þannig

hagnýtt sér efnið í heimildarleysi, en einu gildi, hvort félagið hafi greitt honum fyrir vinnslu þess, enda hafi hann ekki lýst kröfu á hendur áfrýjanda, hvorki um ógreidd verklaun né til eignar í vörslum hans. Verðmæti hvers rúmmetra af efninu hafi verið samtals 678 krónur, 600 krónur, sem hafi verið verklaun stefnda fyrir að harpa það og mala að viðbættum 78 krónum, sem landeiganda hafi borið. Í málinu krefur áfrýjandi stefnda um skaðabætur sem þessu svarar fyrir áður nefnda 1.437 rúmmetra efnis, samtals 974.286 krónur.

II.

Eins og málið liggur fyrir, má fallast á það með áfrýjanda, að A. Finnsson hf. hafi notið á árinu 1993 einkaréttar til efnisvinnslu úr umræddri malarnámu í landi Spónsgerðis í skjóli samnings við landeigandann, sem fyrirvarsmaður stefnda lýsti fyrir héraðsdómi, að sér hefði verið kunnugt um. Hefur stefndi því ekki getað öðlast eignarrétt að efni í námunni án atbeina félagsins.

Í fyrrgreindu ákvæði verksamningsins 6. apríl 1993 á milli A. Finnssonar hf. og stefnda um efnishaugana tvo, sem deilt er um í málinu, kemur fram, að markmið þess sé að veita stefnda tryggingu fyrir greiðslu verklauna vegna vinnslu annars efnis í malarnámunni, sem hann átti að annast fyrir félagið. Við skýrslugjöf fyrir héraðsdómi greindi maður sá, sem gerði verksamninginn af hálfu A. Finnssonar hf., frá þeim skilningi sínum á samningsákvæðinu, að stefndi hefði átt að eiga efnishaugana svo lengi sem félagið greiddi ekki fyrir þá og að honum hefði verið frjálst að selja efni úr þeim. Í ákvæðinu var ekki mælt fyrir um veðrétt handa stefnda í efnishaugunum. Ekki verður séð, hvernig ákvæðið hefur getað átt að ná fyrirnefndu markmiði nema með þeim skilningi, sem hér hefur verið getið, enda myndi það að öðrum kosti ekki hafa veitt stefnda rétt til annars en greiðslu fyrir vinnslu efnisins, ef viðsemjandi hans vildi nýta sér það fyrir eða síðar. Verður því að leggja til grundvallar þá skýringu á samningsákvæðinu, að með því hafi A. Finnsson hf. afsalað stefnda eignarrétti að efninu í umræddum haugum með áskilnaði um rétt félagsins til að kaupa það aftur árið 1993 gegn fyrir fram ákveðnu verði, en að þeim tíma liðnum hafi stefnda verið frjálst að ráðstafa því til annarra. Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu stefnda af kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú A. Finnssonar hf., greiði stefnda, Arnarfelli hf., samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 31. október 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Gestur Jónsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 4. október 1995, birtri 16. s. m. og þingfestri 2. nóvember s. á., f. h. þb. A. Finnssonar hf., kt. 551191-1179, Mörkinni 1, Reykjavík, á hendur Þór Konráðssyni, kt. 150369-5419, Ytri-Brekkum II, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu, stjórnarformanni Arnarfells hf., kt. 441286-1399, Óseyri 8, Akureyri, f. h. félagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hið stefnda félag verði dæmt til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 974.286 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. 11. 1995 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, að fjárhæð 280.685 kr.

Stefndi krefst algjörar sýknu og að sér verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Upphaflega krafðist stefndi frávísunar málsins, en með úrskurði 24. júní 1996 var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að 6. apríl 1993 hafi A. Finnsson hf. og stefndi gert með sér verksamning, sbr. dskj. nr. 3, þar sem stefndi tók að sér að mala og harpa u. þ. b. 2.500 m³ af efni til steypugerðar fyrir A. Finnsson hf. úr malarnámi í landi Spónsgerðis í Arnarneshreppi. Nokkru áður hafði A. Finnsson hf. tryggt sér námuréttindi þar með samningi við Steinberg Friðfinnsson, bónda að Spónsgerði. Fyrir námuréttindin hafi A. Finnsson hf. greitt 80 kr. á m³. Samkvæmt verksamningi þessum hafi A. Finnsson átt að greiða 600 kr. á m³ fyrir vinnslu efnisins, og fyrir verkið hafi því átt að greiða 1.500.000 kr. Hafi greiðslan átt að vera í formi skuldabréfs til tveggja ára; sem tryggingu fyrir greiðslu skuldabréfsins átti stefndi að mala efni í sér haug. Í verksamningnum segi um þetta:

„Verktaki malar steypuefni í sér haug, að magni 2.000 m³. Er sá haugur trygging fyrir skuldabréfi, sem er greiðsla fyrir 2.500 m³. Verktaki skuld-

bindur sig til að selja vinnslu efnisins á sama verði og greitt var fyrir samkv. þessum samningi, 600 kr. á m³ m/vsk, sé greitt fyrir árslok 1993, annaðhvort með skuldabréfi eða bifreið.“

Til viðbótar framangreindu efnismagni hafi stefndi unnið tvo hauga, sem samtals voru um 2.700 m³ efnis. Hafi efni þetta verið unnið að ósk stefnda. Hann hafði haft verulegan kostnað af því að flytja tæki á vinnustað, og varð þess vegna óhagkvæmt að vinna ekki meira magn en upphaflega hafði verið um samið. Hafi A. Finnsson hf. greitt fyrir heildarverkið, um 5.414 m³, með bifreið, valtara og skuldabréfi, að fjárhæð 1.636.200 kr., út gefnu 12. maí 1993, sbr. dskj. nr. 4. A. Finnsson hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði þessa dóms 30. júní 1994, og sama dag hafi Gestur Jónsson hrl. verið skipaður skiptastjóri búsins. Við upphaf gjaldþrotaskipta hafi heildarmagn steypuefnis í Spónsgerði verið 2.917 m³. Sé magntala þessi byggð á samanburði á mælingu, dags. 30. apríl 1993, sbr. dskj. nr. 5 7. júlí 1995, sbr. dskj. nr. 13. A. Finnsson hf. hafi ekkert steypuefni notað úr tveimur stærri haugunum frá fyrri mælingu fram að gjaldþrotaskiptum, og magn það, sem eftir var í minni haugunum við mælingu í júlí 1995, hafi að minnsta kosti ekki getað verið minna þá en við upphaf skipta. Stefndi hafi ekki lýst fjárkröfu í þb. A. Finnssonar hf. Einnig hafi því ekki verið haldið fram, að hann ætti eignir í vörslu búsins, sbr. dskj. nr. 16. Hinn 28. október 1994 hafi stefndi og Steinberg Friðfinnsson gert með sér samkomulag, er tók til umrædds steypuefnis, og segi þar:

„Arnarfell hf. sem eigandi ofangreindra hauga greiðir Steinberg samkvæmt áðurgerðu samkomulagi þau efnistökgugjöld, sem ennþá eru ógreidd af því efni, sem í haugunum eru, sjá fylgiskjal.“

Steinberg Friðfinnsson hafi ekki heldur lýst kröfu í þb. A. Finnssonar hf. Með bréfi til skiptastjóra, dags. 7. nóvember 1994, hafi lögmaður stefnda lýst yfir því, að umrætt steypuefni væri eign stefnda, þar eð A. Finnsson hf. hafi eigi staðið við greiðslu samkvæmt verksamningi aðila, sbr. dskj. nr. 7. Þessu hafi þrotabúið mótmælt, enda hafi það frá upphafi skipta litið á sig sem réttan og löglegan eiganda steypuefnisins. Með bréfi, dags. 16. mars 1995, hafi skiptastjóri hótað stefnda, að allar tilraunir til að nýta efnið yrðu kærðar til lögreglu, og í byrjun júlí 1995 hafi skiptastjóri kært stefnda vegna ætlaðs þjófnaðar á þessu steypuefni. Farið hafi verið eftir magntölum frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. á Akureyri, dags. 7. júlí 1995. Samkvæmt þeim útreikningi hafi verið eftir 1.480 m³ efnis í landi Spónsgerðis; magn efnis, sem fjarlæggt hafði verið úr landi Spónsgerðis, næmi því 1.437 m³. Í tilefni þjófnaðarkæru stefnanda á hendur stefnda hafi sýslumaðurinn á Akureyri tekið þá ákvörðun að aðhafast ekkert á þeirri forsendu, að vafi léki á um eignarrétt steypuefnisins. Sé því málsókn þessi nauðsynleg.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau, að kröfur um skaðabætur reisi stefnandi á því, að stefndi hafi í heimildarleysi notað verðmæti, sem voru í eigu stefnanda, og þannig auðgast á hans kostnað, og beri stefnda að greiða stefnanda andvirði þeirrar auðgunar. Stefnandi byggir eignarrétt sinn á umræddu steypuefni á verksamningi A. Finnssonar hf. og stefnda, þar sem stefndi tók að sér að vinna tiltekið verk gegn greiðslu A. Finnssonar hf., sem greiddi stefnda fyrir hluta verksins með bifreið og valtara, og eftirstöðvar hafi verið greiddar með skuldabréfi. Stefnandi hafi hins vegar ekki skeytt um að lýsa kröfu sinni í þb. A. Finnssonar hf., hvorki á grundvelli skuldabréfsins né eignarréttar að steypuefninu í landi Spónsgerðis.

Skilyrði auðgunarkröfu af því tagi, er stefnandi gerir, eru í fyrsta lagi sannanlegt tjón þess, sem vill bera fram kröfu af þessum sökum, og í öðru lagi, að hinn aðilinn hafi auðgast í beinum eða nægum tengslum við það tjón, og í þriðja lagi, að kröfufjárhæðin megi ekki fara fram úr þeirri fjárhæð, sem auðgunin tekur til, og vitnar hann þar til rits Páls Sigurðssonar, Kröfuréttar, Reykjavík 1992, bls. 52. Öllum skilyrðum sé fullnægt í þessu máli. Við upphaf skipta hafi magn steypuefnis í landi Spónsgerðis verið 2.917 m³. Hinn 7. júlí 1995 var efnismagnið hins vegar 480 m³, og á þessu tímabili hafi því verið fjarlægðir 1.437(?) m³ efnis. Stefnandi hafi einhverra hluta vegna litið á sig sem eiganda efnisins, sbr. samning hans og Steinbergs Friðfinnssonar, dags. 28. 10. 1994, auk bréfa lögmanns hans til skiptastjóra. Frá þessari hegðun megi álykta sem svo, að stefndi eigi sök á því, að magn steypuefnis hafi rýrnað í þeim mæli, sem um ræðir. Stefnandi hafi því auðgast á kostnað stefnanda af þeim sökum óháð því, hvort hann nýtti efnið í eigin þágu eða til endursölu. Tjón stefnanda nemi andvirði 1.437 m³ steypuefnis, þ. e. a. s. þess efnis, sem fjarlægt hefur verið úr landi Spónsgerðis. Verðmæti á m³ er kostnaður við vinnslu efnisins auk námuréttinda. Samningur A. Finnssonar hf. og stefnda kveði á um greiðslu 600 kr. fyrir m³ efnis, og samkvæmt framburði Aðalgeirs Finnssonar hér fyrir dómi greiddi A. Finnsson hf. 78 kr. fyrir námuréttindin. Verð á m³ sé því 678.000(?) kr. og auðgun stefnda 974.286 kr., sem eru stefnufjárhæð málsins. Stuðst sé við meginreglur laga á sviði kröfu- og skaðabótaréttar. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga. Krafa um málskostnað er reist á lögum um meðferð einkamála.

Stefndi lýsir málsatvikum svo, að A. Finnsson hf. hafi ekki átt námuréttindi í landi Spónsgerðis árið 1993 né haft samning um vinnslu efnis í landi Spónsgerðis það ár. Í öðru lagi sé það rangt, að stefnda hafi verið greitt fyrir 5.414 m³ af unnu efni með þeim hætti, sem greinir í stefnu, því að aldrei hafi verið greitt af skuldabréfinu, að fjárhæð 1.636.200 kr., er stefnda var af-

hent sem greiðsla vegna samnings aðila frá 6. apríl 1993, utan 30.000 kr. Að öðru leyti vísar stefndi til bréfs lögmanns síns á dskj. nr. 9, sem er dagsett 5. desember 1994, til skiptastjóra búsins. Um samning aðila frá 3. apríl 1993 sé það að segja, að efni hans hafi verið tvíþætt. Í fyrsta lagi kveði samningurinn á um, að stefndi vinni efni fyrir A. Finnsson hf., um það bil 2.500 m³, í tvo hauga, og skyldi A. Finnsson hf. greiða 600 kr. fyrir hvern m³ með skuldabréfi, að fjárhæð 1.500.000 kr., til tveggja ára. Framkvæmdin hafi síðan orðið sú, að efnið í haugunum varð aðeins meira, svo að stefndi fékk sem greiðslu skuldabréf, að fjárhæð 1.636.200 kr. Í öðru lagi kveði síðari hluti samningsins á, að til tryggingar ofangreindu skuldabréfi mali stefndi steypufni í 2.000 m³ haug, sem stefnandi hafi til tryggingar því, að skuldabréfið greiðist. Hins vegar geti A. Finnsson hf. keypt hauginn, ef félagið greiði efnishauginn fyrir árslok 1993, með 600 kr. fyrir hvern m³. Framkvæmd samningsins hafi síðan orðið sú, að A. Finnsson hf. hafi ekki nýtt sér forkaupsrétt, sem hann hafi átt til ársloka 1993. Einnig hafi stefndi samið um það við eiganda Spónsgerðis, er námuréttinn átti, að haugurinn mætti standa þar, þangað til stefndi ráðstafaði honum, og hafi stefndi greitt eiganda Spónsgerðis fyrir að fá að vinna efnið. Og með samningi stefnda, dags. 28. október 1994, við Steinberg Friðfinnsson, eiganda Spónsgerðis, sbr. dskj. nr. 6, hafi stefndi greitt Steinberg samkvæmt áðurgerðu samkomulagi þau efnistökgjöld, sem ennþá voru ógreidd af því efni, sem í haugum þessum hafi verið. Svo og hafi Steinberg tekið að sér að varðveita haugana, þannig, að óviðkomandi hafi ekki haft aðgang að þeim. Samkvæmt samkomulagi þessu hafi stefndi því verið með tryggð námuréttindi við landeiganda, en stefnandi ekki. A. Finnsson hf. hafi fengið það efnismagn, er stefndi vann fyrir hann í landi Spónsgerðis, gegn greiðslu með skuldabréfi, að fjárhæð 1.636.200 kr., 12. maí 1993. Efni þetta hafi A. Finnsson hf. nýtt í eigin þágu og efnið ekki lengur að Spónsgerði. Hins vegar hafi A. Finnsson hf. vanefnt greiðslur að mestu, og sé það rangt, sem stefnandi haldi fram, að A. Finnsson hf. hafi afhent stefnda vélar og tæki sem greiðslu.

Stefndi heldur því fram, að það efni, sem unnið hafi verið til viðbótar, hafi verið eign sín, en hins vegar hafi A. Finnsson hf. átt forkaupsrétt að efninu til ársloka 1993. Hafi efnið verið varðveitt í landi Spónsgerðis samkvæmt sérstöku samkomulagi stefnda og Steinbergs Friðfinnssonar, en efnið aldrei verið í vörslum stefnanda. Hafi samningur stefnda við A. Finnsson hf. verið hugsaður þannig af hálfu stefnda, að greiddist skuldabréfið ekki, væri það, sem umfram var unnið a. m. k. sárabót fyrir stefnda þannig, að vinna félagsins væri ekki til einskis, en stefndi hafði lagt í mikinn kostnað við flutning tækjanna að Spónsgerði, þar sem um langan veg var að

fara og lítið verk að ræða. Því hafi verið alveg ljóst, að A. Finnsson hf. fengi haugana ekki nema gegn greiðslu, og hafi forkaupsréttur hans eingöngu verið til áramóta 1993; þó svo að skuldabréfið hefði greiðst þá, breytti það þessu efni samningsins ekki. Væri skilningur stefnanda réttur, þá væri efni samningsins það, að stefnandi ætti rétt á öllu efnismagninu samkvæmt samningnum frá 6. apríl 1993 fyrir aðeins 1.500.000 kr., þó svo að efnið væri verðlagt á 2.700.000 kr. samkvæmt samningnum frá 6. apríl 1993. Samkvæmt framansögðu megi ljóst vera, að stefndi hafi orðið fyrir miklu tjóni vegna vinnu sinnar fyrir A. Finnsson hf. samkvæmt verksamningnum á dskj. nr. 3, þar sem sú vinna sé ennþá að mestu ógreidd fyrir utan 30.000 kr. Að sama skapi hljóti þb. A. Finnssonar hf. að hafa auðgast.

Stefndi bendir á, að A. Finnsson hf. og síðar þb. félagsins hafi ekki getað tapað eða beðið tjón, nema félagið geti sýnt fram á, að það hafi lagt fram einhver verðmæti til vinnslu efnisins, svo sem greitt efnistökgjald. En jafnvel þó að félagið hafi í einhverjum mæli greitt efnistökgjald, verði það að sanna, að það hafi verið gert fyrir síðari hauginn einnig. Hafi A. Finnsson hf. greitt 80 kr. á m³, verði stefnandi að sanna, að jarðeiganda hafi verið greiddar 360.000 kr. fyrir vinnsluna samkvæmt verksamningnum frá 6. apríl 1993. Einnig verði stefnandi að sanna, að stefnda hafi verið greitt fyrir mölun og hörpun með bíl, valtara og skuldabréfi. Vanlýsing á skuldabréfi í þrotabúið hafi hér ekkert gildi, þar sem ljóst hafi verið, að krafan hafi verið ónýt. Ljóst megi vera, að auðgunarkrafa stefnanda svo og skaðabótakrafa sé með öllu órökstudd og stefnandi hafi ekki sannað neitt tjón, er hann hafi orðið fyrir, en sönnunarbyrðin hvíli á stefnanda. Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi aðeins haft sjálfsvörsluð í því efni, er hann vann fyrir A. Finnsson hf., en ekki haft neina eignarheimild fyrir því, og sjálfsvörsluð þessu hefði þurft að þinglýsa skv. 48. gr. þinglýsingalaga, sem ekki hafi verið gert. A. Finnsson hf. hafi verið eigandi efnisins samkvæmt kaupsamningi A. Finnssonar hf. við Steinberg Friðfinnsson skv. kaupsamningi frá 6. júní 1988, sbr. dskj. nr. 18, og að skaðabótakrafan sé vegna missis A. Finnssonar hf. á efni því, er hann hafi átt. Þessu mótmælir stefndi. Hann telur alls ósannað um efnismagnið, svo og mótmælir hann því, að A. Finnsson hf. hafi verið eigandi efnisins, því að sá, sem upphaflega keypti malarefnið skv. samningnum frá 6. júní 1988, hafi verið Aðalgeir Finnsson hf. Hafi samningurinn eingöngu gilt í eitt ár og sé auk þess óþinglýstur. Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár á dskj. nr. 20 hafi Aðalgeir Finnsson hf. verið sameinað Byggingarfélagi Gylfa og Gunnars hf. í Reykjavík 31. 12. 1991, en A. Finnsson hf. sé samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár á dskj. nr. 19 stofnað 1. 11. 1991 og því um annan lögaðila að ræða. Geti stefnandi því engan rétt leitt af

samningnum á dskj. nr. 18. Stefndi hafi verið búinn að semja um malar-námið við Steinberg bónda og sá samningur verið staðfestur 28. október 1994, sbr. dskj. nr. 6. Hafi stefndi haft vörslu efnisins og stefnanda algjörlega löglaut að slá eign sinni á það. Sérstaklega bendir stefndi á það, að hann hafi greitt efnistökgjald vegna efnisins, en stefnanda algjörlega mistekist að sanna, að hann hafi greitt nokkuð fyrir ætlaðan námurétt sinn. Í þessu sambandi komi þinglýsingarreglur á sjálfsvörsluvedði málinu ekkert við, og hefði það staðið stefnanda nær að sýna fram á fyrir rétti þinglýsta eignarheimild sína til efnistöku.

Einnig sé mæling sú, sem gerð var á efnismagni í landi Spónsgerðis 7. júní 1995, sbr. dskj. nr. 13, algjörlega marklaus, sé hún gerð rúmu ári eftir gjaldþrot stefnanda, svo og hafi stefnda ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns við mælingu. Beri hér allt að sama brunni, er leiði til sýknu.

Verður nú rakinn framburður vitna og aðila svo og önnur atvik málsins, eftir því sem þurfa þykir.

Sigurbergur Konráðsson, framkvæmdastjóri stefnda, kt. 020565-3229, Dvergagili 6, Akureyri, bar, að A. Finnsson hf. hefði óskað eftir því, að framleiddir yrðu fyrir þá um 2.500 m³ af steypuefni. Kvaðst hann hafa ósk- að eftir því við landeiganda, Steinberg Friðfinnsson, að fyrirtækið fengi að framleiða meira. Hefði hann samið um að borga Steinberg námugjald og sá samningur verið staðfestur á dskj. nr. 18. Síðari hluti samningsins á dskj. nr. 3 við A. Finnsson hf. hefði verið gerður í samráði við Steinberg, þar sem A. Finnsson hf. taldi sig ekki þurfa allt þetta efni, en Steinberg bannað sér að vinna meira en 2.500 m³ fyrir A. Finnsson hf. Hann upplýsti, að samningur- inn á dskj. nr. 6 væri til kominn vegna vinnslu meira efnis en fram kemur á dskj. nr. 3, og kvað mælinguna á dskj. nr. 13 vera gerða 7. 7. 1995. Hefði hann verið búinn að vinna efni þarna í námunni þrisvar fyrir þessa mæl- ingu. Um mælingu efnishauga á dskj. nr. 5 skýrði hann svo frá, að efnis- haugar, annars vegar 1.520 m³ og hins vegar 1.167 m³, hefðu verið malaðir til tryggingar og forkaupsréttar fyrir A. Finnsson hf. skv. dskj. nr. 3. Hefði framkvæmdastjóri A. Finnssonar hf. ekki verið mótfallinn því, að hann mal- aði meira en hann ætlaði að kaupa. Steinberg bóndi hefði tjáð sér, að A. Finnsson hf. ætti ekki efnistökurétt, þ. e. a. s. skriflegan, í landi sínu, en A. Finnsson hf. haft forkaupsrétt til áramóta af efnishaugum þeim, er hann átti. Hann upplýsti, að öll árin 1993, 1994 og 1995 hefði hann verið að vinna og selja efni úr námunum og að A. Finnsson hf. hefði ekkert keypt af því efni, er hann hafði forkaupsrétt á, til ársloka 1993. Þá skýrði hann svo frá, að Mól og sandur hf. hefði haft efnistökurétt úr námunni árið 1995, en 1994 hefði Arnarfell hf. nýtt námurnar eingöngu. Hann taldi sig vita, að samn-

ingur sá, er Steinberg gerði við Aðalgeir Finnsson hf. 1988 til eins árs, hefði ekki verið endurnýjaður. Þar sem A. Finnsson hf. hafi verið þekkt að van-skilum, hafi hann talið það peningasóun að lýsa kröfum í búið.

Vitnið Dagur Hermannsson kjötiðnaðarmaður, kt. 060545-4569, Tjarnar-lundi 9 K, Akureyri, bar, að hann hefði starfað hjá A. Finnssyni hf., þar til það varð gjaldþrota, og hafi hann séð um steypugerð. Ekki hafi hann vitað um samning við eiganda Spónsgerðis. Hafi hann heyrt um samning við stefnda um vinnslu á um 2.500 m³, en unnið hafði verið annað eins og sennilega meira. Hann kannaðist við mælinguna á dskj. nr. 5 og að A. Finnsson hf. hefði tekið aðeins úr tveimur haugum, þ. e. a. s. sand og perlu, en mundi ekki nákvæmlega, úr hverjum tekið var af þeim fjórum, ekki tek-ið úr tveimur haugum og verið sagt, að hinir tveir ættu að bíða. Ekki vissi hann, hvaða samningar voru um haugana, en efnisvinnsla hefði staðið til 20. maí 1994. Ekki gat hann sagt, hve mikið hefði verið tekið úr haugunum, en upplýsti, að náman hefði verið afgirt og læst, en hann haft lykлавöld svo og þeir, sem voru að aka úr námunni, en það hefðu verið ýmsir aðilar. Ekki vissi vitnið, hvort Arnarfell hf. hefði átt þessa tvo hauga, er óhreyfðir voru.

Fyrir dóminn kom Aðalgeir Gísli Finnsson, kt. 280838-7999, bygginga-meistari, Eyrarholti 6, Hafnarfirði, en vitnið var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri A. Finnssonar hf. Sagði hann, að gerður hefði verið samningur við Steinberg bónda um efnistöku úr Spónsgerðislandi, og hefði sá samningur verið framlengdur árlega. Hefði svo verið allt frá 1970. Hefðu Steinberg verið greiddar 78 kr. fyrir m³ af malarefni og kaupverð breyst í samræmi við byggingarvísitölu. Tveir síðari haugarnir hefðu verið eftir til tryggingar fyrir stefnda, en byrjað hefði verið að vinna úr þeim, er A. Finnsson hf. varð gjaldþrota. Hefði Arnarfell hf. átt þessa tvo efnishauga til tryggingar hjá A. Finnssyni hf., ef eitthvað kæmi upp á, og stefndu átt haugana. Hefðu haugarnir verið unnir í samráði við landeiganda, en munnlegur samningur verið við hann. Ekki kvaðst hann hafa vitað um samkomulag Arnarfells hf. við Steinberg. Hann staðfesti, að Arnarfell hf. hefði átt þá efnishauga, svo sem framkvæmdastjóri þess bar hér fyrir dómi, en tekið hefði verið efni úr námunni allt til 18. maí 1994, og ættu Dagur Hermannsson og Sverrir Torfason að vita, hve mikið tekið var. Hann upplýsti, að Eiríkur Jónsson verkfræðingur og tæknimaður frá Vegagerð ríkisins hefðu gert uppdráttinn á dskj. nr. 5, og hefði stefnda verið heimilt að selja úr þeim, þar sem hann hefði átt þá sem tryggingu.

Álit dómsins.

Á það má fallast með stefnda, að magntölur þær, sem stefnandi reisir málsókn sína á, séu á mjög hæpnum grunni, sérstaklega þar sem upplýst er,

að úr námunni hefur verið tekið allt frá gjaldþroti stefnanda og mæling á ætluðum eftirstöðvum efnisins fer fram rúmu ári eftir gjaldþrotið, 7. júlí 1995, og stefnda ekki gefinn kostur á að gæta réttar síns. Einnig er sú staðhæfing stefnda óhrakin, að hann hafi unnið það efni, er um getur í verk-samningnum á dskj. nr. 3 og halda skyldi sér til tryggingar greiðslu stefnanda og stefndi reisir rétt sinn á, með samþykki landeiganda og hafi greitt honum fyrir námaréttinn, sbr. dskj. nr. 6. Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn um námarétt A. Finnssonar hf. í landi Spónsgerðis, enda þótt fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnanda beri, að um námaréttinn hafi verið samið munnlega frá ári til árs. Á það má fallast með stefnda, að stefnandi geti ekki leitt neinn rétt af samningi Aðalgeirs Finnssonar hf. um námaréttindi í landi Spónsgerðis, sbr. dskj. nr. 18, og fellst dómurinn á þann skilning stefnda, að samkvæmt verksamningnum á dskj. nr. 3 hafi A. Finnsson hf. raunar aðeins haft forkaupsrétt á því malarefni, sem umfram var unnið, til ársloka 1993 fyrir ákveðið verð.

Samkvæmt þessu verður að telja, að stefnandi hafi ekki fært nægar sönnur fyrir réttmæti kröfu sinnar, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Arnarfell hf., kt. 441286-1399, Óseyri 8, 603 Akureyri, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þb. A. Finnssonar hf., kt. 551191-1179, Mörkinni 1, Reykjavík.

Stefnandi greiði stefnda 200.000 kr. í málskostnað.